

## SAMÞYKKTIR fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn.

### I. Nafn sjóðsins, heimili og tilgangur.

#### 1. gr.

Heiti sjóðsins er Íslenski lífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### II. Aðild að sjóðnum. Framlag sjóðfélaga.

#### 3. gr.

Félagar í sjóðnum geta orðið allir einstaklingar sem leggja stund á sjálfstæða starfsemi eða ber ekki lagaskylda til að vera í öðrum lífeyrissjóðum.

Aðrir einstaklingar sem skv. lögum verða að greiða í aðra lífeyrissjóði geta greitt viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Þeir sem vilja gerast sjóðfélagar skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.

Þeir sem eiga inneign í sjóðnum teljast sjóðfélagar.

#### 4. gr.

Sjóðfélögum er frjálst að ákveða fjárhæð framlags síns til sjóðsins, en það takmarkast þó af ákvæðum laga um lágmarksgreiðslur í lífeyrissjóð á hverjum tíma.

Gerist einstaklingur sjóðfélagi í þessum sjóði, sem hefur verið sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

#### 5. gr.

Fé það, sem lagt er inn í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélagi þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Sjóðfélagi er heimilt gegn skriflegri beiðni að verja hluta iðgjalda sinna til trygginga-kaupa hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Þær tryggingar sem um ræðir eru: líftrygging, lífeyristrygging og sjúkra- og slysatrygging vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku. Tryggingaiðgjaldið dregst frá séreign sjóðfélagans.

Hreinar tekjur sjóðsins skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

### III. Greiðslur úr sjóðnum.

#### 6. gr.

Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig:

1. Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára að aldri, á rétt á að fá inneign sína greidda út smám saman. Skal miða við að innstæðan greiðist með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsulilunar áður en hann nær 60 ára aldri.
2. Deyi sjóðfélagi kemur inneign hans í sjóðnum í hlut erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Hlut barna, undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða á þau ár, sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á minnst 10 ár.

Stjórn sjóðsins er heimilt að vika frá fyrrgreindum ákvæðum þessarar greinar ef innstæðan er svo lítil að árlegar greiðslur geti ekki náð eftirtöldum upphæðum:

- a. Til sjóðfélagsins, 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
- b. Til eftirlifandi maka, 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
- c. Til hvers barns, 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilvikum, sem talin eru undir stafljóðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó þannig að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða alla inneign sjóðfélaga í einu lagi ef hann fer úr þessum sjóði og gerist félagi í öðrum lífeyrissjóði sem hefur starfsleyfi skv. lögum. Það sama á við ef sjóðfélagi fer úr sjóðnum og kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem samþykktar hafa verið af fjármálaráðuneytinu. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða.

### IV. Ávöxtun eigna sjóðsins.

#### 8. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 60% af brunabótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitid lægra.
5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þær á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
6. Í hlutabréfum íslenskra almenningshlutafélaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða a.m.k. hjá tveimur starfandi verðbréfafyrirtækjum. Þó er óheimilt að verja meira en

5% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutabréfum og ennfremur er sjóðnum óheimilt að eiga meira en 5% í einstöku hlutafélagi.

7. Í öðrum markaðsverðbréfum en þeim, sem að framan eru greind, að því tilskildu að verðbréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega verðbréf, útgefin af einstökum skuldara, aldrei nema hærri fjárhæð en 5% af heildarverðbréfaeign sjóðsins. Takmörkun þessi á þó ekki við þegar um er að ræða eignir sjóðsins í verðbréfum með ábyrgð ríkis eða banka.

## V. Rekstur og stjórn sjóðsins.

### 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur skipuðum af stjórn Landsbréfa hf. og tveimur kjörnum á almennum fundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn.

Einn varamaður skal tilnefndur af stjórn Landsbréfa hf. og annar skal kjörinn á almennum fundi sjóðfélaga. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi.

Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfundu og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðarbók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tók á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 10. gr.

### 10. gr.

Landsbréf hf. skulu annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem stjórn sjóðsins skal gera við stjórn Landsbréfa hf. þar að lútandi. Þetta samkomulag skal senda lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

## VI. Ársreikningur og endurskoðun hans.

### 11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur Landsbréfa hf., sbr. 10. gr., skulu jafnframt vera aðalendurskoðendur sjóðsins. Að auki skal almennur fundur sjóðfélaga kjósa tvo endurskoðendur sjóðsins til þriggja ára í senn og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, óháður endurskoðendum Landsbréfa hf.

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið og leggur hann fyrir endurskoðendur sjóðsins er ljúka skulu athugun hans fyrir lok næsta mánaðar. Skal ársreikningur liggja frammi á skrifstofu Landsbréfa hf. til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal einnig sendur lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til skoðunar.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og samkvæmt reglum er kunna að vera settar um ársreikning lífeyrissjóða. Endurskoðendur skulu staðfesta með áritun á ársreikninginn að reikningurinn og bókhald sjóðsins, sem hann er byggður á, sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessara samþykktu. Jafnframt skal í áritun endurskoðenda

hefust staðfesting á því að allar þóknanir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, er sjóðurinn hefur greitt, hafi verið réttilega gefnar upp til skattfirvalda.

## VII. Fundir sjóðfélaga.

### 12. gr.

Samþykktum þessum má breyta á almennum fundi sjóðfélaga með 2/3 greiddra atkvæða enda hafi tillögur til breytinga á samþykktum fylgt fundarboði.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga telst eftir inneign þeirra við næstliðin áramót. Til breytingarinnar þarf jafnframt samþykki stjórnar Landsbréfa hf.

### 13. gr.

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til almenns fundar sjóðfélaga á a.m.k. þriggja ára fresti, sbr. 9. gr., svo og um breytingar á samþykktum þessum eða kynningu á högum og starfsemi sjóðsins þegar þess er óskað með skriflegri beiðni sjóðfélaga er ráða yfir 10% af heildarinnstæðum í sjóðnum við næstliðin áramót.

## VIII. Slit sjóðsins og önnur ákvæði.

### 14. gr.

Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af stjórn hans ef meirihluti sjóðfélaga krefst þess eða önnur atriði réttlæta slíka ákvörðun að mati stjórnar sjóðsins. Ákvörðun um slit sjóðsins skal þegar í stað tilkynna lífeyrissjóðaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi.

Sé ákveðið að sameina sjóðinn algjörlega öðrum sjóði skal tilkynna það lífeyrissjóða- eftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi, gefa út innköllun til lánardrottna og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Þó þarf ekki að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottнар samþykkja eða þeim er gefin fullnægjandi trygging.

### 15. gr.

Þegar ákvörðun um slit sjóðsins hefur verið tekin, skal stjórn sjóðsins tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar. Skilanefndarmenn skulu þegar í stað óska löggildingar á starfi sínu.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar, með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun við gjaldþrotaskipti.

Eignum sjóðsins sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar, skal úthluta til sjóðfélaga og annarra réttaha í hlutfalli við áunnin lífeyrissjóðsréttindi.

### 16. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

### 17. gr.

Vilji sjóðfélagi (eða erfingjar sjóðfélaga) ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Sjóðfélagi skal þá tilkynna stjórn sjóðsins það bréflaga innan mánaðar eftir að hann fékk úrskurð hennar og jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir koma sér síðan saman um

oddamann, en takist það ekki skal hann skipaður af Lagastofnun Háskóla Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki skotið til almennra dómstóla.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestast samþykktir þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

Nr. 464

13. ágúst 1996

## REGLUR

### um auglýsingar á lausum störfum.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn samkvæmt 22. gr. sömu laga.

#### 2. gr.

Auglýsa skal laus störf, þannig að umsóknarfrestur sé a.m.k. tvær vikur frá birtingu auglýsingar.

Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.
2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.

#### 3. gr.

Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annað hvort þannig:

1. Að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu, eða
2. að auglýsing sé lesin eða birtist að minnsta kosti þrisvar sinnum í tengslum við hádegis- eða kvöldfréttatíma ljósvakamiðils sem nær til alls landsins.

#### 4. gr.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
2. Hvert á umsókn að berast.
3. Hvort hún eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
4. Umsóknarfrestur.